

117
8. júlí

S A M Þ Y K K T

um lokunartíma sölubúða í Bíldudalskaupþúni í Suðurfjarðahreppi.

1. gr.

Sölubúðum og sölustöðum í Bíldudalskaupþúni skal lokað eftir því, sem ákveðið er í 2., 3. og 4. gr. samþykktar þessarar.

2. gr.

Alla virka daga skal sölubúðum, sölustöðum og vöruafgreiðslum lokað eigi síðar en kl. 6½ síðdegis, og eigi opnaður aftur fyrir en kl. 8 árdegis næsta virkan dag. Þó skulu vera þær undantekningar, er nú skal greina.

Á tímabilinu frá 2. janúar til 16. apríl, skal sölubúðum og sölustöðum lokað eigi síðar en kl. 5 síðdegis.

Á tímabilinu frá 1. júní til 1. september skal á laugardögum loka sölubúðum og sölustöðum kl. 3 eftir hádegi.

Aðfangadag jóla, gamlárskvöld, laugardagana fyrir páska og hvítasunnunni skal sölubúðum eigi lokað síðan en kl. 5 síðdegis.

Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla skal heimilt að halda opnum sölubúðum til kl. 9 síðdegis.

Afgreiðslur vöruskipa eru undanþegnar þessum ákvæðum, meðan ferðing eða afferming stendur yfir, en að öðru leyti gilda ákvæði samþykktar þessarar þær, sem og sölustaði jafnt og sölubúðir.

3. gr.

Almenna helgidaga þjóðkirkjunnar, sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní, fyrsta mánudag í ágúst og 1. desember, mega engar sölubúðir vera opnar.

4. gr.

Ef skortur er á eldsneyti í kaupþúninu, eða útlit fyrir að skortur geti orðið á því, er hreppsnefndinni heimilt að ákveða, að sölubúðum skuli lengri eða skemmri tíma lokað fyrir eða opnað síðan en kl. 8 árdegis á virkum dögum.

5. gr.

Verði brauð- og mjólkurbúðir stofnaðar, má halda þeim opnum á almennum nelgidögum þjóðkirkjunnar, nema á jóladaginn, nýjárðsdag, páskadaginn, og hvítasunnudag. Halda má opnum brauðgerðarbúðum fyrsta sumardag, 1. maí, 17. júní, fyrsta mánudag í ágúst og 1. desember, frá kl. 9 árdegis til kl. 3 síðdegis, eingöngu til sölu á brauði og kökum, mjólk og mjólkurafurðum. Að öðru leyti skulu sömu reglur gilda um lokun þeirra og sölubúða.

6. gr.

Heimilt skal að afgreiða til skipa og báta, er sjó stunda, salt, kol, olíu, benzín og matvæli eftir lokunartíma, ef svo stendur á, að skipið eða báturinn hefir komið inn eftir lokunartíma og ætlar aftur út fyrir opnunartíma sölubúða.

7. gr.

Heimilt er að taka við afla skipa og báta, og sömuleiðis sláturvörum að haustinu eftir lokunartíma sölubúða.

8. gr.

117

Eftir lokunartíma sölubúða er óheimilt að selja á götum eða torgum, eða annarstaðar utan sölubúða kaupmanna nokkurn þann varning, sem ekki má selja nema samkvæmt verzlunarleyfi.

8. júlí

9. gr.

Dá, sem komnir eru inn í verzlun fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er.

10. gr.

Lögreglustjóra er heimilt eftir tillögum hreppsnefndar, þegar sérstaklega stendur á, að veita undanþágu frá samþykkt þessari einstaka tilgreinda daga, og til þess að sala fari fram í góðgerðarskyni eða til ágóða fyrir félög, stofnanir og fyrirtæki, sem að dómi lögreglustjóra horfa til almenningsheilla.

11. gr.

Brot á samþykkt þessari varða sektum frá 20 til 500 krónum, og renna sektirnar í sveitarsjóð. Mál út af brotum á samþykkt þessari skal reka sem almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi, sem gerð er af hreppsnefnd Suðurfjarðahrepps, samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi 1. ágúst 1940, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 8. júlí 1940.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Páll Pálmason.

Staðfesting ráðuneytis Íslands á skipulagsskrá fyrir Gjafasjóð Björns Guðmundssonar frá Hjarðarholti, útgefin á venjulegan hátt 8. júlí 1940 af dóms- og kirkjumálaráðherra. 118 8. júlí

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Gjafasjóð Björns Guðmundssonar frá Hjarðarholti.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Gjafasjóður Björns Guðmundssonar og Gróu Jónsdóttur frá Hjarðarholti og er eign Stafholtstungnahrepps.

2. gr.

Sjóðurinn er myndaður af andvirði hálftrar jarðarinnar Gljúfurár í Borgarhreppi, og er að upphæð 2600 krónur.

3. gr.

Sjóðurinn ávaxtist í tryggum verðbréfum, sem ætíð séu geymd á eldtryggum stað. Þó er heimilt að ávaxta hann í Söfnunarsjóði Íslands.